

**Sp. 568. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]**

um jafnan rétt til fræðslu og skipulag fræðslu í landinu óháð námsleiðum og námsstigum.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Ellert B. Schram, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vilja sínum til að tryggja öllu fólki, sem hug hefur á að afla sér menntunar, jafnan og óskoraðan rétt til fræðslu. Til þess að svo geti orðið ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar og láta semja frumvarp til laga um skipulag fræðslu í landinu óháð námsleiðum og námsstigum.

**Greinargerð.**

Það ætti að vera óþarft að minna á þær gífurlega öru breytingar sem eiga sér stað í skólamálum, m.a. vegna framfara í tækni og vísindum. Þó er sýnt að það menntakerfi, sem við búum við, hefur enga möguleika á að halda í við þá þróun.

Um námsleiðir eru í gildi ótal lög þar sem ætla mætti að reglugerðir kæmu að sama gagni. Einnig hafa frumvörp að námsstigum verið í smíðum um margra ára skeið án árangurs.

Markmið þessarar þingsályktunar er að tryggja nú þegar óskoraðan rétt þess fólks sem hug hefur á að afla sér fræðslu. Það er óþarft að tryggja þennan rétt með langsóttum lagabálkum um hvert stig. Jafnframt og eigi að síður er fólki mikilvægt að vita að rétturinn er þess.

Að mati flutningsmanna er ástæðulaust að hafa lög um sérhvert stig eða sérhverja leið í námi. Þær tilraunir sem fram að þessu hafa verið gerðar með fullorðinsfræðslu, sú umræða sem orðið hefur um kennslu í fjölmiðlum, tilraunir og umræða um opinn háskóla og opinn skóla benda til þess að þróun eigi sér stað í mennta- og fræðslumálum þótt skólastefnan hafi ekki verið njörvuð niður með lögum í smáatriðum fyrir hvert námsstig fyrir sig.

Það er hægt að segja sem svo, og leiða að því rök, að slíkur lagabálkur gæti fremur orðið til hindrunar en til framþróunar á tímum eins og þeim sem við lifum nú þegar svo mikið rót er á umræðunni og svo örar framfarir eiga sér stað.

Enn þá hefur ekki farið fram nein úttekt á því hvernig grunnskólalögin hafa reynst eða hvort mögulegt hafi verið að framfylgja þeim þó að 12 ár séu liðin frá gildistöku þeirra. Undangengin 14 ár hefur áfangakerfi framhaldsskólanna verið við lýði án þess að nokkur lagabókstafur fyrirfinnist um þá fræðslu annar en lög um menntaskóla. Það hefur farið fram umræða um það hvaða fornám sé eðlilegur undirbúningur sérnáms á einstökum stigum og hvar tölvur eigi að koma inn í skólanámið.

Nú undanfarið hafa orðið verulega miklar hræringar í kennarastéttinni sem leitt hafa til sameiningar kennarafélaganna. Í framhaldi af því er eðlilegt að gera þá athugasemd hvers vegna meiri þörf sé þá fyrir sérlög fyrir hvert námsstig og hverja námsleið.

Með samræmingu laga um fræðslu, hvort heldur er hefðbundin skólaganga í grunnskóla eða framhaldsskóla, sem og starfsnám, endurmenntun og eftirmenntun og frjálst nám og námskeið, t.d. í tengslum við atvinnulífið, þarf að því er virðist fyrst og fremst að kveða nánar á um námsleiðir og jafnframt að tryggja og opna leiðir fyrir þá sem vilja sinna fræðslu í landinu, hvort sem þeir vilja fara hefðbundnar leiðir eða ekki.

Lög, sem þessi þingsályktun gerir ráð fyrir að verði að veruleika, mundu þannig tryggja rétt fólks til mismunandi leiða í námi og gera ráð fyrir ákveðnum námsstigum. Óþarft virðist að njörva hvert það skref, sem stigið er í skóla- og fræðslumálum, niður í lagabálka. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið á einstökum sviðum skólamála undangengin ár, hafa átt sér stað án þess að um þau hafi gilt sérstök lög.

Undanfarna áratugi hafa menn ekki getað komið sér saman um lög um framhaldsskóla. Menn hafa orðið heimaskítmát og eru fastir í umræðunni um atriði eins og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er mat flutningsmanna að með þessari tillögu sé sneitt hjá slíkum póstum sem eðlilegra sé að ákveðnir séu annars vegar í sveitarstjórnarlögum og hins vegar í fjárlögum.